

Bílaust

1. útgáfa 01.12.2012

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

1. Vöruheiti - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	FÖRCH Stone Guard Grey		
Vörunúmer:	6610-6011	500 ml	
Notkunarsvið:	Úðunarkvoða til varnar skemmdum af grjótkasti		
Söluaðili:	Bílaust ehf. Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 535 9000	Framleiðandi:	Theo Förch GmbH D-74196 Neuenstadt Þýskalandi
Sími:			
Netfang:	bilanaust@bilanaust.is		
Veffang:	www.bilanaust.is		

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Flokkun samkvæmt reglugerð EB 1272/2008 (CLP): Hefur ekki verið ákvörðuð.

Flokkun samkvæmt EB tilskipunum 67/548 og 1999/45: Afar eldfimt. Skaðlegt umhverfinu.

Varnaðarmerki:



Hættusetningar: H52/53 Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Varnaðarsetningar: V2 Geymist þar sem börn ná ekki til
V23 Varist innöndun úða
V35 Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt
V46 Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar
V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað

Annað: Úðabrúsi, haldið fjarri hita- og neistagjöfum og hitastigi yfir 50°C. Innihald er afar eldfimt og sprengifimar blöndur gufu og lofts geta myndast við herbergishita. Gatið ekki brúsa jafnvel þótt hann teljist tæmdur. Reykið ekki þar sem unnið er með vöruna.

Spengihætta við upphitun. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

Áhrif á umhverfi: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

	EB-nr.	CAS-nr.	%	Raðnúmer	GHS/CLP flokkun
Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt	265-185-4	64742-82-1	10-20	649-330-00-2	H226 Eldf.vökví 3, H304 Eit.v.ásvelg.1, H336 SEM-VES 3, H411 Langv.eit.á vatn 2
Xylen (blanda ísómera)	215-535-7	1330-20-7	10-<12,5	601-022-00-9	H226 Eld.vökví 3, H312 Bráð eit.4, H315 Húðert. 2, H332 Bráð eit. 4

	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	Raðnúmer.	H-setningar	Hættuflokkun
Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt	265-185-4	64742-82-1	10-20	649-330-00-2	H10, H51, H53, H65, H66, H67	N, Xn
Xylen (blanda ísómera)	215-535-7	1330-20-7	1-<12,5	601-022-00-9	H10, H20/21, H38	Xi, Xn

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt:	Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita lækni. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax lækni. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Inntaka:	Hreinsið munn með vatni. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni og sýnið öryggisblaðið.
Innöndun:	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Veitið öndunaraðstoð sé þess þörf. Gufa getur valdið sljóleika og svima.
Snerting við húð:	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Mælt er með notkun verndarkrems. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu:	Skolið varlega með miklu vatni a.m.k. 10 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni ef erting myndast.
Helstu einkenni:	Höfuðverkur, ógleði, ásvellingarhætta. Erting í húð og augum.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Almenn viðbrögð:	Fjarlægið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða. Sprengihætta við upphitun brúsa. Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
Slökkvibúnaður:	Notið slökkviduft eða koldíoxíð. Forðist að nota beinan vatnsgeisla.
Hættuleg myndefni:	Kolefnisoxíð (COx) og eitraðar gufur. Myndar sprengifimar blöndur með lofti. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi nokkurn spöl og að íkveikjuvöldum.
Sérstakur hlífðarbúnaður:	Notið viðeigandi hlífðarbúnað og sjálfstæðan öndunarbúnað við slökkvistörf. Varist innöndun gufu.

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir:	Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið. Tryggið góða loftræstingu. Haldið fólki fjarri. Reykið ekki. Forðist myndun og innöndun gufu og úða. Forðist snertingu við húð og augu. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Varan getur myndað hálkubletti.
Ráðstafanir v. umhverfis:	Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Gerið Umhverfisstofnun strax viðvart (5912000) verði slíkt óhapp.
Hreinsunaraðferðir:	Litlu magni má dæla upp eða gera varnargarða, og nota ísogsefni, svo sem jarðveg, sand, kísilgúr, sag eða sambærileg efni. Setjið í þar til gerð llát og fargið sbr. 13.lið.

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun:	Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun varasamra efna. Tryggið góða loftræstingu. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8. Forðist myndun og innöndun gufu og úða. Forðist snertingu við húð og augu. Haldið fjarri eld- og neistagjöfum. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Gætið hreinlætis, fjarlægið mengaðan fatnað og persónuhlífar áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Forðist vinnu í lokuðum rýmum.
Geymsla:	Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Haldið fjarri beinu sólarljósi og hitastigi yfir 50°C. Neytið einskis í námunda við efnið. Geymist þar sem börn ná ekki til.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Viðmiðunarmörk váhrifa:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	
Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinsneytt með vetni, þungt		300			WEL- TWA
Xylen (blanda ísómera)	50	220	100	441	WEL- TWA

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þækgildi 15mín ppm	Þækgildi 15mín mg/m3	
Bútan	600	1450	750	1810	WEL- TWA
Própan	1000				WEL- TWA
Ísóbútan	1000				WEL- TWA

Almennar ráðstafanir: Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinlætisráðstafanir: Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Öndunarfæri: Fari styrkur gufu yfir viðmiðunarmörk, ætti að nota öndunargrímu með síugerð AX P3 (EN 14387). Við mjög háan styrk er sjálfstæður öndunarbúnaður nauðsynlegur (EN 137 eða EN 138).

Hendur: Við meðferð efnavara skal að jafnaði nota efnaþolna, gegnstreymisvarða hanska af viðurkenndri gerð t.d. úr PVA (pólvínýlalkóhól) (EN 374). Þykkt >0,7 mm. Fylgið leiðbeiningum framleiðanda. Notið hlífðarkrem á hendur. Hreinsið hendur vandlega með sápu að vinnu lokinni.

Augu: Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Húð: Mælt er með notkun leysiefnahelds vinnufatnaðar (EN 13034). Stígvél (EN ISO 20347).

Umhverfi: Gætið þess að útblástur frá loftræstibúnaði uppfylli kröfur um mengunarvarnir. Nauðsynlegt kann að reynast að nota hreinsunarbúnað, t.d. síur til að tryggja það.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)	
Lykt:	Arómatísk	
Litur:	Ljósgrár	
Blossamark:	-60°C	
Suðumark:	-	
Lægri sprengimörk í lofti:	1,4%	
Hærri sprengimörk í lofti:	32,0%	
Sjálftendrunarmörk:	510°C	
Gufuþrýstingur:	4000,0	hPa
Eðlismassi við 20°C:	0,880	g/cm ³
Vatnsleysni:	Óleysanlegt	
Oxandi eiginleikar:	Nei	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki: Varan er stöðug við venjulega meðferð og geymslu.

Aðstæður að varast: Hátt hitastig, opinn eldur og neistagjafir. Sprengifimar gufu/loftblöndur geta myndast. Úðabrúsi undir þrýstingi, haldið fjarri beinu sólarljósi og hitastigi yfir 50°C. Gatið ekki eða brennið brúsann jafnvel þótt hann teljist tæmdur.

Efni sem ber að varast: Oxarar.

Hættuleg niðurbrotsefni: Sjá liði 5 og 10.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Bráð eiturhrif:

Efni:	LD ₅₀	>2000 mg/kg inntaka rotta		
Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinsneytt með vetni, þungt	LD ₅₀		>2000 mg/kg ísog rotta	
	LC ₅₀	>5mg/l innöndun rotta		

Helstu einkenni: Svimi, sljóleiki, höfuðverkur, ógleði, uppköst, erting í slímhúð, meðvitundarleysi, truflanir á hjarta- og æðakerfi. Erting í augum. Erting, þurr og sprungin húð.

Efni:	LD ₅₀	2840 mg/kg inntaka rotta		
Xylen (blanda ísómera)	LD ₅₀		2020 mg/kg ísog kanína	
	LC ₅₀	28 mg/l innöndun rotta		

Helstu einkenni: Öndunarerfiðleikar, affitun húðar, svimi, meðvitundarleysi, sviði í slímhúð í nefi og koki, húðvandamál, truflanir á hjarta og æðakerfi, hósti, höfuðverkur, sljóleiki, ógleði. Ertir húð og augu.

Efni:				
Bútan	LC ₅₀	658 mg/l innöndun rotta		

Helstu einkenni: Hjartsláttartruflanir, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, ógleði, uppköst.

Efni:				
Própan				

Helstu einkenni: Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, höfuðverkur, krampi, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.

Efni:				
Ísóbútan	LC ₅₀	658 mg/l innöndun rotta		

Helstu einkenni: Svimi, meðvitundarleysi, kal, höfuðverkur, krampi, ógleði, uppköst.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteiturhrif: Varan er nokkuð rokgjörn.

Efni:	Stærð	Gildi	Dýrategund	Aðferð
Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt	LC ₅₀	1 10-mg/L	Fiskar	OECD 203
	EC ₅₀	1 10-mg/L	Daphnia magna	OECD 202
	IC ₅₀	1 10-mg/L	Þörungar	OECD 201
	Uppsöfnun í lifverum		LogPow >3	
	Leysanleiki í vatni		20 mg/L (20°C)	

Efni:	Stærð	Gildi	Dýrategund	Aðferð
Xylen (blanda ísómera)	LC ₅₀	8,2 mg/L (96 klst)	Fiskar	
	EC ₅₀	75,5 mg/L (24 klst)	Daphnia magna	
	IC ₅₀	10 mg/L (72 klst)	Þörungar	
	Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar auðveldlega niður	
	Uppsöfnun í lifverum		LogPow >3 BCF 0,6-15	

13. Förgun

Vara: Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokk(um):

16 05 04 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænis leysar eða önnur hættuleg efni)

15 01 04 (málmumbúðir)

15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

14. Flutningar

ADR

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
Þökkunarflokkur: -
Hættuundirflokkur: 5F
Mengunarhætta: Já

Varúðarmerking



IATA:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
Þökkunarflokkur: -



IMDG:

UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
EmS: F-D, S-U
Pökkunarflokkur: -
Mengunarhætta: Sjávarmengandi



15. Lög og reglugerðir

Rokgjörn lífræn efni (VOC): 45,3% 1999/13/EB

Efnaöryggismat: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H10	Eldfimt
H20/21	Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð
H38	Ertir húð
H51	Eitrað vatnalífverum
H52	Skaðlegt vatnalífverum
H53	Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku
H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima
H226	Eldfimir vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H315	Veldur húðertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum

Útgáfa: 1

Dags: 01.12.2012

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: THEO FÖRCH GmbH: SAFETY DATA SHEET STONE GUARD GREY L260 500 ML

Útgáfa: 19.01.2011 / 0002

Kemur í stað: 11.05.2009